

Jóakim Notendaviðmót

Almennar upplýsingar - Runuvinnslur



Turninn - Smáratorg 3 (5. hæð) / 201 Kópavogur Sími 510 7200 / Netfang: init@init.is

Efnisyfirlit

AÐALVALMYND JÓAKIM KERFISINS	3
AÐGERÐALYKLAR OG VALMYNDATRÉ4	1
Lyklaborð4 Aðgerðarlyklar í skjámyndum5 Aðgerðahnappar á aðalvalmynd:6 Notkun verkliðatrésins	1 5 5 8
FLETTILISTAR	Э
RÖÐUN Í FLETTILISTUM	€ 2 2
SKÝRSLUR13	3
Uppsetning skýrslna og vistun valforsenda	355
ÚTPRENTUN	3
ÚTPRENTUN SKÝRSLNA	3 3
LÍNURIT19	Э
Að kalla fram línurit)) 1
STJÓRNBORÐ24	1
SKRÁARSÝSL27	7
Færa skrá/skrár inn á svæði notandans í Jóakim28 Sækja skrá/skrár inn á svæði notandans í Jóakim	3 3 9
SÝSLA MEÐ HRAÐVAL)
Setja verklið í hraðval og raða uppsetningu hraðvals)) 1 1
SÝSLA MEÐ AÐALVALMYNDATRÉ32	2
Leita að verklið í aðalvalmyndatré32 Vista hvernig aðalvalmyndatré opnast33	2

RUNUVINNSLUR	34
Að setja verklið á runuvinnslu	34
Þrír möguleikar á útskrift skráa sem verða til	35
Mínar Runuvinnslur	35
Valforsendur í Mínar runuvinnslur	
Að láta Mínar runuvinnslur listann endurnýjast	
Nánari upplýsingar um runuvinnslur	
Breyta runuvinnslu	
Endurkeyra runuvinnslu sem hefur hrunið	
ALMENNAR UPPLÝSINGAR	40
Þjóðskrár	40
Einstaklingar í þjóðskrá / Fyrirtæki í þjóðskrá	40
Staðgreinir fasteigna	42
Sveitarfélög – Póstföng - Lönd	42
Sannreyna bankareikning	43
Skipaskrá	43
, Markaðstöflur	45
Vextir	45
Vísitölur	46
Gengi gjaldmiðla	46
Markaðstölur verðbréfa	47
Dagar	47
Verðbréfastýringar	48
Staðgreiðsluskattar	49
Aldursgildi	49
Grunnupplýsingar	51
UPPBOÐSUPPLÝSINGAR	56
Samkeyrsla uppboða og veðskrá	56
Eignir á uppboði	56
Uppboðstilkynningar	57
Sýslumannsembætti	57
, Veð skuldabréfa	58
INNLAUSN SKULDABRÉFA	59
Samkeyrsla skuldabréfaútdráttar	59
Innleyst númer	59
Innlausnir	60
Innlausnaflokkar og innlausnategundir	60
Líkur á innlausn skuldabréfa	61
LÖGBIRTING	62
Auglýsingar lögbirtinga	62
Aðilar lögbirtinga	63
Samkeyrsla lögbirtinga	63
HANDBÆKUR	
NÝJUNGAR Í JÓAKIM	65

Aðalvalmynd Jóakim kerfisins

Notendaviðmótið í Jóakim er öflugt og sveigjanlegt. Kerfið bíður uppá að hægt sé að skrá sig inn með notendanafni og lykilorði eða rafrænum skilríkjum (auðkenni í síma) en þá þarf að passa að farsímanúmer sé skráð hjá viðkomandi. Viðmótið er staðlað. Þ.e.a.s. aðgerðarlyklar hafa sömu þýðingu í gegnum kerfið og útlit skjámynda er einnig samhæft. Kerfið byggist á listum sem geta verið af fimm gerðum:

婜 Jóakim inngar	ngur	×
Aðgangsorð	Auðk. í síma	
Notandi: Lykilorð:		
Kerfi: Jóa	skim 🔻	
✔ Í lagi	🗙 Hætta við	
		OVE

Verkliðatré: Tengir saman verkliði og er notað til að ferðast um kerfið.

Valmyndir: Aðrar aðgerðir, tengja saman verkliði.

Flettilistar: Sýna gögn í einföldu formi og eru notaðir sem grundvöllur í viðhaldi gagna sem og almennt fyrirspurnaverkfæri.

Skýrslur: Sýna gögn á skjánum sem hægt er að skoða, prenta út eða varpa t.d. yfir í Excel og vinna með nánar þar.

Hjálpartexti (F1): Myndast sem texti í mynd sem hægt er að fletta upp og niður.

Fyrir utan þessar tegundir lista eru innsláttarmyndir þar sem hægt er að slá inn upplýsingar, t.d. vegna skráningar á gögnum og annað. Listar og innsláttarmyndir birtast í svokölluðum fljótandi gluggum sem hlaðast hver ofan á annan.

					- 🗆	×
Aðalvalmynd - stofnun: Z000 > Ê Verðbréfakerfi > Ê Iðgjaldakerfi > Ê Félagakerfi	^ Notandi begga	Velkomin(n) til kim (**) - biðlari útg. 9 / 3.2 Beralind Sv	starfa við Jóakim 0.21-202203280923 (85.220.100.79) einsdóttir (beralind@init.is)	Hraðval > 📋 Verðbréfakerfi > 📄 Notendur og prentarar > 💼 Ýmsar vinnslur		^
Pedgakerfi bergind Sveinsdöttir (bergind Ginit.is) / Lifverginsdöttar (bergind Ginit.is) / Lifverginsdöttar (bergind Ginit.is) / Innskrännig 1 Jakim / Innskrännig 1 Jakim / Z000 - Kerfisumsjön (Init ehf) / Kerfisupsetning / Deld * / Stafaarsystar / St						
 Thaskräning m Erla uppflettingar Skyraut Handbækur Handbækur Wýjungar í Jóakim 	- Aðgerðir	 	ttif Stjórnborð ♀ Hjálp ◆ Hætta í Jóakim			
< Sýsla með aðalvalmynd ♥ Ø ■ Ø	× >			c Sýsla með hraðval	_	>

Aðalmynd Jóakim kerfisins:

Í miðju aðalmyndar undir *Notandi* má sjá notendanafn, nafn notandans og netfang sem skráður er inn í kerfið. Undir *Innskráning í Jóakim* sést hvaða stofnun er valin, deild ef þær eru ('*' ef allar eru valdar) og svo sjálfgefin staðsetning notandans.

Undir *Aðgerðir* eru hnappar fyrir aðgerðir sem notandi getur framkvæmt (farið nánar í aftar í handbók). Vinstra megin er **aðalvalmyndatréð** til að komast inn í einstaka kerfishluta og verkliði Jóakims. Hægra megin er **hraðval** notandans sem notandinn getur stillt eftir sínum vilja. Hægt er að flokka hraðvalsverkliði undir möppur. Hægt er að stilla hvernig aðalvalmyndatré og hraðvalstré opnast við innskráningu í kerfið.

Aðgerðalyklar og valmyndatré

Lyklaborð

Valhnappar í Jóakim eiga allir aðgerðalykla á talnalyklaborði því að með tímanum þegar notendur eru orðnir færari í notkun kerfisins hefur það sýnt sig að þeir noti aðgerðalykla á lyklaborði frekar en valhnappana í skjámyndunum sem ýtt er á með músarklikki.

Myndin hér að neðan sýnir hvaða flýtilyklar um er að ræða og hvar þeir eru staðsettir á lyklaborðinu:



Тар	Til að fara inn í línu í flettilista og á milli innsláttarreita
F lyklar	Gilda fyrir hnappa á tólastiku (sjá töflu yfir aðgerðalykla)
Enter	Hægt að nota til að staðfesta skráningu eða þegar ná í upplýsingar úr flettilistum
	sem fengnir eru upp með F7.
Insert:	Nýskrá færslu
Delete:	Eyða færslu úr lista
Page up/down	Til að fletta upp eða niður í listum. Þá flettast nokkrar línu í einu eða þegar farið er
	inn í línu og fara á í næstu línu án þess að þurfa loka skjámynd og fara í næstu línu
	með Tap.
/	Deilingartakkinn á talnalyklaborði er til að staðfesta valmyndir og ná í upplýsingar úr
	flettilistum sem fengnir eru upp með F7.
*	Margföldunartakkinn á talnalyklaborði er til að loka skjámyndum án staðfestingar.
Örvalyklar	Til að fletta upp og niður eina línu í einu í flettilistum.
Enter	Oftast talað um "hægri enter". Til að fara í línu í flettilista og á milli innsláttarreita
	svipað og Tap hnappur.

Aðgerðarlyklar í skjámyndum

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða valhnappar og aðgerðalyklar á lyklaborði eiga saman:

Lykill	Aðgerð
🖌 , 🖊 eða Enter 너	Samþykkja með vistun. Þetta er sambærilegt við OK -takkann í Windows forritum. Þ.e.a.s. samþykkja myndina og loka henni. Þessir lyklar sækja einnig ákveðið atriði úr flettilista sem sóttur þefur verið með E7
🗶 , 💌 eða F8	Hætta í mynd án vistunar. Farið er út úr myndinni án þess að bjarga breytingum ef verið er í innsláttarmynd. ATH: Margföldunarhnappur virkar ekki til lokunar á skýrslum.
📥, eða Ctrl +k	Í reitum þar sem ætlast er til að kennitölur séu slegnar inn er oft hægt að velja úr síðustu 20 innslegnu kennitölum ef valið er með Ctrl + k í kennitölureit eða smellt á kallinn.
â↓	Röðun í listum. Ef ýtt er á hnappinn kemur upp mynd þar sem notandinn stillir eftir hvaða dálki eigi að raða. Ýmsir röðunarmöguleikar eru fyrir hendi.
🛨 , Tab eða hægri Enter	hægt að velja úr síðustu 20 innslegnu kennitölum ef valið er með Ctrl + k í kennitölureit eða smellt á kallinn. A Röðun í listum. Ef ýtt er á hnappinn kemur upp mynd þar sem notandinn stillir eftir hvaða dálki eigi að raða. Ýmsir röðunarmöguleikar eru fyrir hendi. b eða hægri Enter Skoða færslu í listum. b eða lnsert Skrá nýja færslu. eða Delete Eyða færslu úr lista. Einungis hægt ef færslan er ekki tengd öðrum gögnum. iða örvalyklar ↑ og Fara í fyrri / næstu línu í flettilistum. iða Home / End Fara í efstu / neðstu línu í flettilistum. Valforsendur. Petta hefur eingöngu þýðingu í flettilistum og skýrslum þar sem hægt er að sigta úr listunum m.v. gefnar forsendur. Hnappur kallar upp valforsendumyndina. Sía færslur í lista / leitin. Hnappur kallar fram svæði neðst á
D eða Insert	Skrá nýja færslu.
× eða Delete	Eyða færslu úr lista. Einungis hægt ef færslan er ekki tengd öðrum gögnum.
 ▲ ● eða örvalyklar 个 og ↓ 	Fara í fyrri / næstu línu í flettilistum.
📢 🕨 eða Home / End	Fara í efstu / neðstu línu í flettilistum.
éða F4	Valforsendur. Þetta hefur eingöngu þýðingu í flettilistum og skýrslum þar sem hægt er að sigta úr listunum m.v. gefnar forsendur. Hnappur kallar upp valforsendumyndina.
♥ eða Ctrl+F	Sía færslur í lista / leitin. Hnappur kallar fram svæði neðst á skjámyndina til að slá inn leitartexta.
✓ eða F6	Merkja / afmerkja eina línu í flettilista. Það getur verið gott að nota þennan hnapp þegar fjöldabreyta þarf nokkrum línum í flettilista.
Ctrl+A	Velur allar línur í flettilista og hægt að ýta á ✓ til að velja allar línurnar í einu . Svo er hægt að nota F6 eða ✓ til að afmerkja einstaka línu.
🕌 eða Ctrl+P eða F9	Prenta beint út á prentara sem skilgreindur er hjá notandanum. ATH!! Ctrl+P virkar ekki skýrslunum notast skal við hnapp á tólastiku eða F9.
*	 Jamiyykkjä mind vistuni. Petta er sambærilegt við OK-takkann í Windows forritum. Þ.e.a.s. samþykkja myndina og loka henni. Þessir lyklar sækja einnig ákveðið atriði úr flettilista sem sóttur hefur verið með F7. Hætta í mynd án vistunar. Farið er út úr myndinni án þess að bjarga breytingum ef verið er í innsláttarmynd. ATH: Margföldunarhnappur virkar ekki til lokunar á skýrslum. Í reitum þar sem ætlast er til að kennitölur séu slegnar inn er oft hægt að velja úr síðustu 20 innslegnu kennitölur séu slegnar inn er oft hægt að velja úr síðustu 20 innslegnu kennitölur séu slegnar inn er oft hægt að velja úr síðustu 20 innslegnu kennitölur séu slegnar inn er oft hægt að velja úr síðustu 20 innslegnu kennitölur séu slegnar inn er oft hægt að kli eigi að raða. Ýmsir röðunarmöguleikar eru fyrir hendi. Skoða færslu í listum. Skrá nýja færslu. Eyða færslu úr lista. Einungis hægt ef færslan er ekki tengd öðrum gögnum. Fara í fyrri / næstu línu í flettilistum. Valforsendur. Petta hefur eingöngu þýðingu í flettilistum og skýrslum þar sem hægt er að sigta úr listunum m.v. gefnar forsendur. Hnappur kallar upp valforsendumyndina. Sía færslur í lista / leitin. Hnappur kallar fram svæði neðst á skjámyndina til að sla inn leitartexta. Merkja / afmerkja eina línu í flettilista. Það getur verið gott að nota þennan hnapp þegar fjöldabreyta þarf nokkrum línum í flettilista. Velur allar línur í flettilista og hægt að víta á vítil að velja allar línurnar í einu. Svo er hægt að nota F6 eða vítil að afmerkja einstaka línu. Prenta beint út á prentara sem skilgreindur er hjá notandanum. ATH!! Ctrl+P virkar ekki skýrslunum notast skal við hnapp á tólastiku eða F9. Varpa flettilista / skýrslu vfir í Excel. Varpa flettilista / skýrslu vfir í Excel. Varpa flettilista / skýrslu vfir í textaskjal (.txt) til vistunar.
	Varpa flettilista / skýrslu yfir í Word.
4	Senda flettilista / skýrslu með tölvupósti. Þegar netfang er fyllt út er hægt að ráða á hvaða formi listinn/skýrslan er send – excel, word, textaskrá eða pdf.
	Varpa flettilista / skýrslu yfir í textaskjal (.txt) til vistunar.
	Varpa flettilista / skýrslu yfir í vafra á HTML form.
1	Varpa flettilista / skýrslu yfir í PDF skjal til útprentunar.
💡 eða F1	Hjálpin. Allsstaðar er hægt að fá upp hjálpartexta sem inniheldur lýsingu á innsláttarsvæðum í valmyndinni sem hjálpin var valin í og hvaða valmöguleikar eru í boði í innsláttarsvæðum.

📀 eða F3	Endurnýjar flettilistann (refresh). Notað ef fleiri eru að skrá, getur verið gott að endurnýja myndina til að sjá hverju hefur verið bætt við eða eytt út.
+ eða F5	Aðrar aðgerðir. Í mörgum myndum er hægt að kalla upp stutta valmynd sem inniheldur flýtileið að öðrum aðgerðum.
eða Ctrl+Y	Stjórnborð. Hægt er að nota þessa flýtileið úr öllum skjámyndum til að komast í stjórnborð notandans.
eða Ctrl+R	Reiknivél.
	Kallar fram línurit sem sínur þróun gengis á ákv.markaðsflokki eða vaxtatöflu. Þessi hnappur er eingöngu virkur í þeim flettilistum/skjámyndum þar sem hann þjónar tilgangi.
	Prentar skjámyndina – þegar ýtt er á hnappinn kemur upp prentunargluggi þar sem prentari er valinn.
eða F7	Flettilisti. Í mörgum innsláttarsvæðum er hægt að fá upp flettilista þar sem hægt er að leita og sækja atriði til að flýta fyrir innslætti.
02.02.2010	Dagssetningarhnappur. Í innsláttarsvæðum fyrir dagssetningar er hægt að fá upp dagatal með því að ýta á hnappinn í svæðinu. Einnig má skrá inn 020210 og tap þá skilar Jóakim 02.02.2010
eða hægri Enter	Fara inn í línuna sem er valin í flettilista EÐA færa í næsta innsláttarsvæði í innsláttarmyndum.
Shift +	Fara í innsláttarsvæðið <i>á undan</i> í innsláttarmyndum.

Aðgerðahnappar á aðalvalmynd:

Lykill	Aðgerð
🔓 Breyta stofnun	Ýta skal á hnappinn til að skipta um stofnun.
😭 Stjórnborð	Kallar fram stjórnborðið þar sem m.a. er hægt að skipta um lykilorð.
Skráarsýsl	Í Jóakim er hægt að geyma ýmsar skrár. Ýta skal á hnappinn til að opna skráar gluggann. Þær skrár sem lesa á inn í Jóakim til frekari vinnslu eru dregnar inn í gluggann.
🔁 Prentskrárnar mínar	Flýtihnappur fyrir verkliðinn Yfirlit yfir prentskrár. Hér má finna lista yfir þær skrár sem notandinn sem er innskráður hefur prentað út. Hægt er að endurprenta hér í gegn í stað þess að keyra skýrslu aftur út.
🔶 Hætta í Jóakim	Ýta skal á hnappinn til að ætta í Jóakim kerfinu.
💡 Hjálp	Kallar fram hjálpina fyrir aðalvalmynd kerfisins.
	Eyðir verklið úr hraðvalstré.
	Ýta skal á hnappinn til að stofna nýja möppu í hraðvalstré. Gott ef grúbba þarf ákveðna hraðvalsliði saman.
	Hægt er að vista aðalvalmyndatréð/hraðval með ákveðna kerfishluta opna. T.d. ef notandi vinnur nær eingöngu í ákveðnum kerfishlut getur hann haft hann opinn um leið og hann skráir sig inn í Jóakim með því að ýta á vista-hnappinn.
	Ef búið að er að opna markar undirmöppur og kerfishluta í valmyndatrénu/hraðvalstrénu er hægt að loka þeim öllum samtímis með því að ýta á þennan hnapp.

Útskýringar á táknum fyrir framan verkliði í aðalvalmyndatré/hraðvali:

- Þýðir að um er að ræða flettilista.
- Þýðir að um er að ræða vinnslu.
- Þýðir að um er að ræða skýrslu.

Notkun verkliðatrésins

Verkliðatréð er staðsett vinstra megin á upphafsmynd Jóakims. Verkliðatréð er síðan notað til að fara inn í mismunandi kerfishluta Jóakims og verkliði sem tilheyra þeim kerfishluta:

👽 Jóakim					- 🗆 X
Aðalvalmynd - stofnun: Z000 ∧ > È Verðbréfakerfi > È Iðgjaldakerfi > Èélaqakerfi	Jóakim (* - Notandi - begga	(elkomin(n) til *) - biðlari útg. 9 / 3.2 Beralind Sv	starfa við Jóakim 0.21-202203280923 (85.220.100.79) einsdóttir (heralind@init is)	Hraðval > 🛅 Verðbréfakerfi > 🗋 Notendur og prentarar > 🗍 Ýmsar vinnslur	^
Lifeyrisgreiðslur Uppmælingakerfi Reikningagerð Viðskiptatengsl (CRM) Lamennar upplýsingar Krisuppsetning	- Innskráning í J Stofnun Deild Staðsetning	óakim Z000 - Kerfisums * Init ehf	ijón (Init ehf)	2 2 2	
 Timaskráning Erla uppfletingar Skýrslur Handbækur Nýjungar í Jóakim 	Aðgerðir E Br S Pr	eyta stofnun vráarsýsl entskrárnar mínar	G [®] Stjórnborð ¥ Hjálp ◆ Hætta í Jóakim		
Sýsla með aðalvalmynd	1			Sýsla með hraðval 📓 🚱 🛍 🗀	

Til að **opna** ákveðinn kerfishluta Jóakim kerfisins/möppu sem inniheldur undir-verkliði er einfaldlega ýtt einu sinni á píluna ([>]) fyrir framan heitið eða smellt tvisvar sinnum á heitið.

Til að **loka** ákveðinn kerfishluta Jóakim kerfisins/eða möppu sem inniheldur undir-verkliði er einfaldlega ýtt einu sinni á píluna ([>]) fyrir framan heitið eða smellt tvisvar sinnum á heitið.

Að ferðast í verkliðatré/hraðvali án notkun músar:

Einnig er hægt að vissu marki sleppa notkun músarinnar við að velja í valmyndatrénu/hraðvalinu. Örvalyklarnir upp og niður eru notaðir til að ferðast upp og niður tréð. Þegar komið er að möppu þar sem kíkja þarf á undirverkliði er hreinlega ýtt á stóra entertakka og við það opnast mappan og hægt er að færa sig áfram niður með örvalyklunum. Á sama átt er ýtt aftur á stóra entertakka til að loka möppu. Til að velja ákveðinn verklið er einnig ýtt á stóra entertakkann. Ef fókusinn er á aðalvalmyndatréð og notandi vill færa sig yfir á hraðvalstré með notkun lyklaborðsins er ýtt á *hægrientertakka* á talnalyklaborðinu eða *tab*-takka. Að velja verklið í hraðvalstré er gert á sama hátt og í aðalvalmyndatré.

Hægt er að hafa marga verkliði opna á sama tíma

Flettilistar

Flettilistar hafa margþætt hlutverk. Þeir eru notaðir bæði sem fyrirspurnarverkfæri og einnig í viðhaldi á gögnum. Í flettilistum er hægt að skoða gögn í einföldu formi þar sem færslur koma fram sem línur í lista á skjánum. Út frá flettilistum er hægt að skoða, breyta, fella niður og bæta við færslum. Til hliðar sést dæmi um flettilista sem sýnir öll skráð sveitarfélög í Jóakim kerfinu.

		P9 ¥	~
Nr.	Heiti	Lok	^
0000	Reykjavík		
1000	Kópavogur		
1100	Seltjarnarnes		
1300	Garðabær		
1400	Hafnarfjörður		
1603	Sveitafél.Álftanes		
1604	Mosfellsbær		
1606	Kjósarhreppur		
2000	Reykjanesbær		~

Röðun í flettilistum

Til að hægt sé að sýsla með röðunina í flettilistum er ýtt á hnappinn 🄱 og þá birtist eftirfarandi mynd:

9 Raða færslum á skjá	×
Nr. 👻	Hækkandi
	🔿 Lækkandi
Svo á	
(ekkert) 🔹	Hækkandi
	🔿 Lækkandi
Svo á	
(ekkert) 🔹	Hækkandi
	🔿 Lækkandi
🗌 Geyma uppsetninguna	💡 Hjálp
🖌 Í lagi 🛛 🗙 Hætta við	Hreinsa röðun

Hér gæti notandi valið að raða fyrst eftir *Heiti* í hækkandi röð. Að raða í hækkandi röð í þessu tilfelli þýðir einfaldlega að raða frá A-Ö. Ef notandi setur hak við *Geyma uppsetninguna* áður en hann ýtir á hnappinn *Í lagi* þá raðar Jóakim listanum strax miðað við þessar forsendur þegar flettilistinn er næst opnaður. Vilji notandinn hreinsa röðunina og láta Jóakim raða listanum sjálfkrafa næst þegar flettilistinn er valinn þarf notandinn að setja hak við *Geyma uppsetninguna* **áður** en hann ýtir á hnappinn *Hreinsa röðun* og svo staðfesta með því að ýta á *Í lagi.*

Ef **ekki** er hakað við *Geyma uppsetninguna* og smellt er á *Í Lagi* verður aðgerðin aðeins virk meðan glugginn er opinn og næst verður röðunin eins og hún birtist sjálfkrafa af Jóakim kerfinu. Þegar flettilisti er með einhvern dálk litaðan gefur það til kynna að notandi hafi einhvern tímann stillt röðunina á þann dálk og geymt uppsetninguna. Ef *enginn* dálkur er litaður þá er listanum raðað sjálfkrafa af Jóakim.

Valforsendur í flettilistum

Í öllum flettilistum er hægt að sigta út einhverjar ákveðnar færslur úr listanum með því að ýta á



Hér getur notandi skráð inn ýmsar valforsendur. Notandi getur t.d. leitað að einu ákveðnu hlutafélagi eftir t.d. markaðsflokki eða kennitölu hlutafélagsins. Notandi getur leitað að hlutafélögum sem tilheyra ákveðnum undirflokki, yfirflokki, geymslustað eða landi útgefanda o.s.frv.

Finna færslu í flettilistum – sía úr lista

Notandi getur leitað að ákveðinni línu í flettilista með því að ýta á 🍸 eða **Ctrl+F**. Þegar það er gert opnast leitarsvæði fyrir neðan listann í sama glugga:

Einkenni	Heiti	Tegund	Umsj.	Opa	Lok	
US56	Landsbréf - BÚS I, lokgjd.5.12.2056	Skuldabréf	Z000	✓		
TF1	ITF I slhf (Landsbréf Icelandic Tourism Fund I slhf)	Hlutabréf	Z000	✓		
TF_1	ITF I slhf (Landsbréf Icelandic Tourism Fund I slhf) Hlutd.sk	Hlutdeildarskírt	Z000	✓		
AISFI4	Landsbréf, Markaðsbréf	Hlutdeildarskírt	Z000	✓		
AISGBF	Landsbréf, Sparibréf plús	Hlutdeildarskírt	Z000	✓		
AISGSF	Landsbréf, Sparibréf meðallöng	Hlutdeildarskírt	Z000	_ √		
AISLIQ	Landsbréf, Veltubréf ISK	Hlutdeildarskírt	Z000	✓		
AISSEF	Landsbréf, Úrvalsbréf	Hlutdeildarskírt	Z000	✓		
ANDSB-VEÐSKULDA	Landsbréf-Veðskuldabréfasjóður slhf.	Hlutdeildarskírt	L070	✓		
ANDSBR-VEÐSKULD	Landsbréf-Veðskuldabréfasjóður slhf.	Hlutdeildarskírt	L800	✓		
ANDSBRÉF-VEÐSKU	Landsbréf-Veðskuldabréfasjóður slhf.	Hlutdeildarskírt	L500	✓		
EQ	Landsbréf-LEQ	Hlutdeildarskírt	Z000	✓		
REAL	Landsbréf LREAL	Hlutdeildarskírt	Z000	✓		

Jóakim leitar sjálfkrafa í öllum svæðum, þ.e.a.s. í öllum dálkum í flettilistanum! Um leið og notandinn byrjar að slá inn bókstafi í leitarsvæðið fyrir neðan byrjar Jóakim að sía strax í listanum. Hér að ofan má sjá hvað Jóakim síar úr listanum þegar slegið hefur verið inn *landsbréf*.

Að merkja færslur í flettilistum

Hægt er að velja margar línur í einu með því að halda Ctrl niðri og velja með mús. Við það verða

línurnar **bláar**. Til að merkja línurnar ef það á t.d. að fjöldabreyta er svo ýtt á **F6** eða 🗸 þá verða línurnar **rauðar**. Ef merkja á færslur sem liggja saman þarf ekki lengur að merkja hverja fyrir sig heldur er efsta valin og svo er **Shift** haldið niðri og neðsta valin, svo þarf að ýta á **F6**.

lê 🗶 🖊	± □ × ◀	▶ 14	N 🕅 😽 🗸	/ 🎒 🖏 📾 🤜 🛛	🕨 🗊 📆 💡 🚱 + 😭 🚃 🛙	0
Gerð	Eink	Umsj	Númer	Útg.dags	Nafnv.eftirst	St
H011	1	0329	1	15.03.2001	21.739.223,00	u
H011	2	VBSI	2	15.03.2001	5.858.752,00	u
H011	3	VBSI	3	15.03.2001	9.715.172,00	u
H011	4	0101	4	15.03.2001	4.945.592,00	u
H012	1	VBSI	4935	15.03.2001	4.921.040,00	u
H012	2	0329	2	15.03.2001	0,00	u
H012	3	0175	H012	15.03.2001	9.241.190,00	u
H891A	89112347	L180	112347	15.11.1989	500.000,00	u

Færslur: 26

OVR ..:

Samspil flettilista og innsláttarmynda

Flettilistar og innsláttarmyndir fara oft saman. Í flettilistum eru notaðar valforsendu-myndir til þess að ákveða hvernig upplýsingar eiga að koma fram í flettilistanum. Í innsláttarmyndum þar með valforsendamyndum eru flettilistar notaðir til þess að sækja upplýsingar í svæði til að flýta fyrir innslætti.

/ 👗 👔 🛂 🔛 💷		
Almennt Einstakli	ngur Fyrirtæki	
Einstk/fyrirtæki:	Einstaklingur 🔻 Röðun: Nafn 💌	
Kennitala:	*	
Nafn:	*	
Heimili:	*	
Póstfang:	* 7	
Sveitarfélag:	*	
Ríkisfang:	* *	
Fæðingard(frá-til):	* HIA - * HIA (Byrj.dags fyrirt.)	
Dánardags(frá-til):	* HXA - * HXA (Stöðv.dags fyrirt.)	
Nafnnúmer:	*	
Upprun:	*	
Kerfisnúmer:	*	

Ef farið er t.d. í *Einstaklingar í þjóðskrá* valmyndina undir liðnum *Almennar upplýsingar* þá er vonlaust fyrir kerfið að sýna flettilista með öllum einstaklingum í þjóðskrá eins og er gert með póstföng eða sveitarfélög. Í staðinn býður kerfið strax upp á valforsendamynd til þess að takmarka listann. Við sum innsláttarsvæðin eins og t.d. sveitarfélag er hægt að ýta á **F7** til að fá upp flettilistann yfir öll sveitarfélög. Þar er viðeigandi sveitarfélag fundið og staðfest með **v** eða stóra entertakka. Með öllum valmyndum þar sem fylla þarf út valforsendur getur verið hjálplegt að nota hjálpina (**F1** eða

💡). Hjálpin útskýrir vel öll innsláttarsvæði.

Skýrslur

Skýrslur eru ekki mjög ólíkar flettilistum en þær eru eingöngu notaðar sem verkfæri í fyrirspurnum og útskriftum. Ef skýrsla er einhverja stund í vinnslu kemur lítill gluggi á skjáinn sem segir að skýrslugerð sé **í vinnslu**. Þar er einnig hnappur sem hægt er að smella á ef **stöðva** þarf vinnsluna, t.d. ef einhverjar forsendur hafa gleymst sem skýrslan átti að taka mið af. Eftir að skýrsla birtist á skjánum er hægt að **varpa** niðurstöðunum yfir í Excel og vinna með áfram þar eða Word eða .PDF.

Uppsetning skýrslna og vistun valforsenda

Skoðum skýrsluna Ávöxtun verðbréfa sem er að finna undir liðnum skýrsur verðbréfa í verðbréfakerfinu. Fyrst kemur upp valforsendumynd þar sem notandi fyllir út þær upplýsingar sem á við hverju sinni og stillir röðun og sundurliðun gagnanna sem birtast síðan í skýrslunni. Minna skal á að hægt er að ýta á F7 í sumum innsláttarsvæðum til að fá upp flettilista til að aðstoða við innslátt á valforsendum. Með ✓, ✓ eða Enter ← er skýrslan framkvæmd (valið staðfest). Hægt að að vista uppsetningar á skýrsluformum ef um flókið val er að ræða og þá er alltaf möguleiki á að ná í uppsetninguna aftur á skilvirkan hátt. Til að vista uppsetningu þá skal <u>byrja</u> á því að fylla út í allt innsláttarsvæði. Því næst skal fara í reitinn *Uppsetning* skrá þar beint í reitinn heitið á uppsetningunni og ýtið svo á hnappinn *Vista uppsetningu*.

🖌 🗶 🤶 😵 🔺			
Uppsetning:	Hlutabréf 3 mán - ávöxtun	Ŧ 🔚 Vista uppsetningu	🗌 Runuvinnsla
Skýrsla			
Röðun 1	Yfirflokkur 🗸	🗌 Sýna erl.upphæðir	
Röðun 2:	Undirflokkur ~	🗹 Sýna hagnað	
Röðun 3:	Verðbréfagerð ~	🗌 Sýna gjaldmiðlatekjur	
Röðun 4:	~	🗌 Sýna Arð/greiðslur	
Útfærsla:	Ávöxtun á ársgrundvelli v	🗌 Sýna lokagjalddaga	
Verðútreikningur:	Reikna skv. verðmatsaðferð $~~\vee~$	1 Aukastafir í ávöxtun	
Verðmatsaðferð:	Bókhaldsverðmat m. niðurfærsl		Ŧ
Reikna í gjaldm.:	Ŧ	T	
Vístala samanburðar:	NEYG 💽 Neysluvísitala á gr	eiðslu	
Tímabil:	01.01.2021		
Tegund verðbréfa		Staða viðskipta	
Allt	🗌 Hlutdeildarsjóðir	🗹 Allt	Villa
Hlutabréf	Innlánsreikningar	Í skráningu	Tilb. í uppfærslu
Skuldabréf	🗌 Framvirkir samningar	Uppfært	
Aðrar valforsendur			
Stofndeild:	*		
Verðbréfagerð:	* 🕶 Nr. * 🖛 - *	Ŧ	
Umsjónarstaður:	* 🖬 Nr. * 🖬 - *	Ŧ	
Undirflokkur:	345		Ŧ
Yfirflokkur:	sje		Ť
Áhættuflokkur:	**		Ŧ
Vörsluaðili:	**		•
Markaður:	345		Ŧ
Gjaldmiðill:	**	Ŧ	
Uppgj.verðmatsaðf:	sie		Ŧ
	*		

Þegar ýtt er á hnappinn Vista uppsetningu birtist eftirfarandi gluggi:

A Minte concentration of					\sim
Se vista uppsetningu			_		^
🗸 🗶 🖌 🕨 😵 🚱 + 🖾 📖	\odot				
Uppsetning: Hlutabréf 3 mán - á	ivöxtur	1			
Sjálfgefið f. stofn	un	🗌 Sjálfgefið	f. notar	nda	
Athugasemdir:					^
					\sim
🖌 Í lagi	×	Hætta við			
					OVR

Hér getur notandinn skráð inn athugasemd fyrir uppsetninguna, t.d. hvað þessi uppsetning stendur fyrir. Einnig getur hann valið að þessi uppsetning sé valin sjálfkrafa bara hjá honum þegar hann opnar verkliðinn en þá setur notandinn hak við *Sjálfgefið f. notanda*. Athugið að ef sett er hak við *Sjálfgefið f. stofnun* þá birtist þessi uppsetning sjálfkrafa fyrir **alla** notendur þessarar stofnunar! Þegar þetta er búið þá er ýtt á hnappinn *Í lagi*. Þá færir Jóakim notandann aftur yfir í skýrsluvalmyndarformið. Þegar skýrslan er keyrð lítur hún svona út:

🎒 🏝 🐨 🎍 🖲 📆 😵 😭 Hausblað							
0 ♠ 1 Siða: 1 af2			± 120%	*			
ÁVÖXTUN VERÐBRÉFA Á ÁRSGRUNDV	ELLI - Hlutabréf 3 mán - áv	öxtun					Sjóður 1,námskeið
	Verð 01.04.2013	Vægi	Verð 01.01.2013	Hreyf. á tmb.	Nafnávxt.	Raunávxt.	Hagnaður/tap
VERÐBRÉF SAMTALS	9.946.193.869	100,0%	8.709.588.205	-139.722.950	80,4%	67,0%	1.376.328.614
Erlend hlutabréf	54.444.782	0,5%	49.360.272	0	48,0%	36,9%	5.084.510
Friend blutabréf	54 444 782	0.5%	49 360 272	0	48.0%	36.9%	5 084 510
BOEING Boeing Company	54.444.782	0,5%	49.360.272	0	48,0%	36,9%	5.084.510
Innlend hlutabréf	9.891.749.086	99,5%	8.660.227.933	-139.722.950	80,6%	67,2%	1.371.244.104
Fjármál og tryggingar	96.596.615	1,0%	96.596.615	0	0,0%	-7,5%	0
ATORN Atorka nauðasamningur	52.350.115	0,5%	52.350.115	0	0,0%	-7,5%	0
EHAB Eignarhaldsfélag Alþýðub	559.000	0,0%	559.000	0	0,0%	-7,5%	0
GLB Glitnir banki hf.	43.687.500	0,4%	43.687.500	0	0,0%	-7,5%	0
Hlutabréfasj/fjárfestingarfél	713.090.290	7,2%	588.790.290	-9.436.000	127,0%	110,2%	133.736.000
JARDGP Jarðvarmi GP hf.	290.290	0,0%	290.290	0	0,0%	-7.5%	0
REGINN Reginn hf.	712.800.000	7,2%	588.500.000	-9.436.000	127,1%	110,3%	133.736.000
lðnaður og framleiðsla	7.276.055.220	73,2%	6.462.018.330	-5.250.000	61,2%	49,1%	819.286.890
ADS Adidas Salomon AG	7.074.028.382	71,1%	6.259.142.906	0	63,2%	50,9%	814.885.476
FÓÐURB Fóðurblandan hf.	0	0,0%	23.760.000	-14.850.000	-84,7%	-85,9%	-8.910.000
HAMPIÐ Hampiðian hf.	2.914.000	0.0%	2.914.000	0	0.0%	-7.5%	0

Til að prenta út skýrsluna þarf að ýta á F9:



Senda skýrslu með tölvupósti

Hægt að senda skýrsluna beint í tölvupóst en þá er ýtt á netfangshnappinn (💱) í skýrslunni sem birtist á skjánum m.v. gefnar valforsendur. Við það opnast eftirfarandi innsláttarmynd:

ÚTSKRIFT	Í TÖLVUPÓST - N001	-		×
✓ X 4	▶ 💡 🚱 + 🖆 🎟 😒			
Netfang:	berglind@init.is			
Efni:	Hér er textinn sem birtist í subject			
Með haus	Tegund viðhengis:	PDF	:	-
Lýsing B I U Frjáls tex	E 国 ■ ☷ ≟ 包 極 A A A	Tex Exc Wor HTN	taskrá el rd 4L	~
				OVR

Sjálfkrafa birtist netfang notandans sem skráður er inn í kerfið. Notandi skráir inn netfang viðtakanda/viðtakenda. Hægt er að skrá fleiri en eitt netfang. Ef það er þá þarf að setja semikommu á milli (;) netfanganna. Efni er í raun titill tölvupóstsins. Í lýsingu er hægt að skrifa orðsendingu til viðtakanda. Hægt er að velja um fjórar mismunandi tegundir fyrir skýrsluna: Textaskrá, PDF-skjal, Excel eða Word. Einnig er hægt að ákveða hvort hið svokallaða *hausblað* eigi að sendast með skýrslunni eða ei.

Hausblað

Í flestum stærri skýrslum kemur fram svokallað hausblað (forsíða) þar sem fram koma ýmsar upplýsingar, t.d. hver keyrði skýrsluna, hvaða stofnun notandi var skráður inn á, vinnslutími, hvenær keyrsla skýrslu hófst og hvenær henni lauk. Á hausblaðinu má einnig sjá hverjar valforsendur skýrslunnar voru. Í *Stjórnborðinu* er hægt að stilla það hvort hausblaðið skuli alltaf birtast með skýrslum eða aldrei.

Vörpun skýrslna

Nokkrar skýrslur í Jóakim hafa fengið nýtt og nútímalegra útlit. Skoðum skýrsluna Ávöxtun verðbréfa. Hér má sjá útlit hennar þegar hún er vörpuð (keyrð) beint út á skjá:

★ ¥ Siða: 1 af 1	-	+ Sj	álfvirkur aðdráttur 💲			
ÁVÖXTUN VERÐBRÉFA Á ÁRS	GRUNDVELLI				Sjóður	1,námskeið
	Verð 01.03.2022	Vægi	Verð 01.03.2021	Hreyf. á tmb.	Nafnávxt.	Raunávxt.
VERÐBRÉF SAMTALS	61.584.324.059	100,0%	62.276.141.045	0	-1,1%	-1,1%
Erland blutabráf	26 667 721 069	13 3%	21 /2/ 018 226	0	24 5%	24 5%
Erlend hlutabréf	26.667.721.069	43,3%	21.424.018.226	0	24,5%	24,5%
Erlend hlutdeildarskirteini	3.281.874.041	5,3%	2.979.081.003	0	10,2%	10,2%
Erl. hlutabréfsjóðir	867.719.445	1,4%	838.925.523	0	3,4%	3,4%
EII. Skuldabreisjooli	2.414.154.596	3,9%	2.140.155.461	0	12,0%	12,0%
Framvirkir samningar	-4.578.837.333	7,4%	-4.634.653.633	0	-1,2%	-1,2%
Framvirkir samningar	-4.578.837.333	7,4%	-4.634.653.633	0	-1,2%	-1,2%
Innl. hlutdeildarskírteini	536.411.625	0,9%	536.153.873	0	0,0%	0,0%
Innlhlutabréfasjóðir	515.990.700	0,8%	515.990.700	0	0,0%	0,0%
Innlskuldabréfasjóðir	20.420.925	0,0%	20.163.173	0	1,3%	1,3%
Innlánsreikningar	1.648.097.901	2,7%	1.500.833.923	0	9,8%	9,8%
Innlánsreikningar verðtryggði	1.648.097.901	2,7%	1.500.833.923	0	9,8%	9,8%
Innlend hlutabréf	20.590.743.418	33,4%	27.920.760.992	0	-26,3%	-26,3%
Fjármál og tryggingar	109.489.414	0,2%	109.489.414	0	0,0%	0,0%
Hlutabréfasj/fjárfestingarfél	2.215.973.046	3,6%	1.577.093.046	0	40,5%	40,5%
lônaður og framleiðsla	16.964.925.363	27,5%	25.163.569.453	0	-32,6%	-32,6%
Lytjagrein	90.595.266	0,1%	90.595.266	0	0,0%	0,0%
Samgongur / Flutningar	324.260.000	0,5%	264.370.000	0	22,7%	22,7%
Sjavarutvegur og fiskvinnsla	14.4/8.000	0,0%	14.478.000	0	0,0%	0,0%
Upplysingatækni	46.536.649	0,1%	45.012.626	0	3,4%	3,4%

Sjá má hvernig útlitið er í samræmi við það sem gerist þegar skýrslu er varpað yfir í PDF. Einnig má sjá hvernig hnappastikan efst hefur breyst. Þar má sjá þessa hafa bæst við:

<u>ه</u>	•	Síða:	1	af 2					
Áy	охти	VER	ÐBRÉF	a á áf	RSGR	UNDV	'ELLI -	Hlutabr	réf 3 má
								Verd	ð 01.04.:
VE	Roon	ÉF SAI	MTALS					9.	946.193

Þarna er hægt að fletta um blaðsíður fram og til baka og sjá í reitnum við hliðana hvaða blaðsíðu verið er að skoða.



Ef ýtt er á stækkunarglerið er hægt að leita að ákveðnum texta í skýrslunni eins og í PDF skjali.

Ein af nýjungum kerfisins í þeim skýrslum sem eru notaðar hvað mest og hafa fengið þetta nýja útlit sem sjá má á síðunni á undan hafa einnig fengið auðveldari vörpunarleið yfir í Excel. Þ.e.a.s. ekki þarf lengur að skipta skjalinu upp í dálka eins og áður!

$ \begin{array}{ c c c c c c c c c c c c c c c c c c c$	F	ile <mark>Home</mark> Insert Pag	ge Layout 🛛 Formulas	Data I	Review View He	elp	KODIAK	🖓 Commen	ts 🖻 🖻 Share
A1 \checkmark f_x \checkmark A B C D E F G H 1 Verð 01.03.2022 Vægi Verð 01.03.2021 Hrey Nafnávxt. Raunávxt. 2 VERÐBRÉF SAMTALS 61,584,324,059 100.0% 62,276,141,045 0 -1.1% -1.1% 3 - - - - -1.1% -1.1% -1.1% 4 -		P Paste Image: Clipboard Image: Clipboa	A_ ≡ % nt Alignment Number	r 😥 Co	onditional Formatting N ormat as Table Y ell Styles Y Styles	*	Cells Edit	D ting Analyze Data Analysis	Get Jira Data Jira Cloud
A B C D E F G H I 1 Verð 01.03.2022 Vægi Verð 01.03.2021 Hrey Nafnávxt. Raunávxt. Imali 1 2 VERDBRÉF SAMTALS 61,584,324,059 100.0% 62,276,141,045 0 -1.1% -1.1% Imali 1	A	\sim : $\times \checkmark f$	¢						~
Verð 01.03.2022 Vægi Verð 01.03.2021 Hrey Nafnávxt. Raunávxt. 2 VERDBRÉF SAMTALS 61,584,324,059 100.0% 62,276,141,045 0 -1.1% -1.1% 3		А	В	С	D	Е	F	G	н і 🔺
2 VERDBRÉF SAMTALS 61,584,324,059 100.0% 62,276,141,045 0 -1.1% -1.1% 3	1		Verð 01.03.2022	Vægi	Verð 01.03.2021	Hrey	Nafnávxt.	Raunávxt.	
3	2	VERÐBRÉF SAMTALS	61,584,324,059	100.0%	62,276,141,045	0	-1.1%	-1.1%	
4 Image: Constraint of the second	3								
5 Erlend hlutabréf 26,667,721,069 43.3% 21,424,018,226 0 24.5% 24.5% 6 Erlend hlutabréf 26,667,721,069 43.3% 21,424,018,226 0 24.5% 24.5% 7	4								
6 Erlend hlutabréf 26,667,721,069 43.3% 21,424,018,226 0 24.5% 24.5% 1 7 - <td>5</td> <td>Erlend hlutabréf</td> <td>26,667,721,069</td> <td>43.3%</td> <td>21,424,018,226</td> <td>0</td> <td>24.5%</td> <td>24.5%</td> <td></td>	5	Erlend hlutabréf	26,667,721,069	43.3%	21,424,018,226	0	24.5%	24.5%	
7	6	Erlend hlutabréf	26,667,721,069	43.3%	21,424,018,226	0	24.5%	24.5%	
8 Erlend hlutdeildarskírteini 3,281,874,041 5.3% 2,979,081,003 0 10.2% 10.2% 9 Erl. hlutabréfsjóðir 867,719,445 1.4% 838,925,523 0 3.4% 3.4% 10 Erl. skuldabréfsjóðir 2,414,154,596 3.9% 2,140,155,481 0 12.8% 12.8% 11	7								
9 Frl. hlutabréfsjóðir 867,719,445 1.4% 838,925,523 0 3.4% 3.4% 10 Frl. skuldabréfsjóðir 2,414,154,596 3.9% 2,140,155,481 0 12.8% 12.8% 11	8	Erlend hlutdeildarskírteini	3,281,874,041	5.3%	2,979,081,003	0	10.2%	10.2%	
10 Erl. skuldabréfsjóðir 2,414,154,596 3.9% 2,140,155,481 0 12.8% 12.8% 11 4,578,837,333 7.4% -4,634,653,633 0 -1.2% -1.2% 13 Framvirkir samningar -4,578,837,333 7.4% -4,634,653,633 0 -1.2% -1.2% 14	9	Erl. hlutabréfsjóðir	867,719,445	1.4%	838,925,523	0	3.4%	3.4%	
11 -4,578,837,333 7.4% -4,634,653,633 0 -1.2% -1.2% 12 Framvirkir samningar -4,578,837,333 7.4% -4,634,653,633 0 -1.2% -1.2% 13 Framvirkir samningar -4,578,837,333 7.4% -4,634,653,633 0 -1.2% -1.2% -1.2% 14	10	Erl. skuldabréfsjóðir	2,414,154,596	3.9%	2,140,155,481	0	12.8%	12.8%	
12 Framvirkir samningar -4,578,837,333 7.4% -4,634,653,633 0 -1.2% -1.2% 13 Framvirkir samningar -4,578,837,333 7.4% -4,634,653,633 0 -1.2% -1.2% 14	11								
13 Framvirkir samningar -4,578,837,333 7.4% -4,634,653,633 0 -1.2% -1.2% 14	12	Framvirkir samningar	-4,578,837,333	7.4%	-4,634,653,633	0	-1.2%	-1.2%	
14 Iml. hutdeildarskírteini 536,411,625 0.9% 536,153,873 0 0.0% 0.0% 15 Innl. hutdeildarskírteini 536,411,625 0.9% 536,153,873 0 0.0% 0.0% 16 Innlhlutabréfasjóðir 515,990,700 0.8% 515,990,700 0 0.0% 0.0% 17 Innlskuldabréfasjóðir 20,420,925 0.0% 20,163,173 0 1.3% 1.3% 18 Imlánsreikningar 1,648,097,901 2.7% 1,500,833,923 0 9.8% 9.8% 20 Innlánsreikningar verðtryggði 1,648,097,901 2.7% 1,500,833,923 0 9.8% 9.8% 21 Imlend hlutabréf 20,590,743,418 33.4% 27,920,760,992 0 -26.3% -26.3% 22 Innlend hlutabréf 20,590,743,418 33.4% 27,920,760,992 0 -26.3% -26.3% 23 Fjármál og tryggingar 109,489,414 0.2% 109,489,414 0 0.0% 0.0% 24 Hlutabréfasj/fjárfestingarfél 2,215,973,046 3.6% 1,577,093,046 <	13	Framvirkir samningar	-4,578,837,333	7.4%	-4,634,653,633	0	-1.2%	-1.2%	
15 Innl. hlutdeildarskírteini 536,411,625 0.9% 536,153,873 0 0.0% 0.0% 16 Innlhlutabréfasjóðir 515,990,700 0.8% 515,990,700 0 0.0% 0.0% 17 Innlskuldabréfasjóðir 20,420,925 0.0% 20,163,173 0 1.3% 1.3% 18	14								
16 Innlhlutabréfasjóðir 515,990,700 0.8% 515,990,700 0 0.0% 0.0% 17 Innlskuldabréfasjóðir 20,420,925 0.0% 20,163,173 0 1.3% 1.3% 18	15	Innl. hlutdeildarskírteini	536,411,625	0.9%	536,153,873	0	0.0%	0.0%	
17 Innlskuldabréfasjóðir 20,420,925 0.0% 20,163,173 0 1.3% 1.3% 18 Imlánsreikningar 1,648,097,901 2.7% 1,500,833,923 0 9.8% 9.8% 20 Innlánsreikningar verðtryggði 1,648,097,901 2.7% 1,500,833,923 0 9.8% 9.8% 20 Innlánsreikningar verðtryggði 1,648,097,901 2.7% 1,500,833,923 0 9.8% 9.8% 21 Imlend hlutabréf 20,590,743,418 33.4% 27,920,760,992 0 -26.3% -26.3% 23 Fjármál og tryggingar 109,489,414 0.2% 109,489,414 0 0.0% 0.0% 24 Hlutabréfasj/fjárfestingarfél 2,215,973,046 3.6% 1,577,093,046 0 40.5% 40.5% 25 Iðnaður og framleiðsla 16,964,925,363 27.5% 25,163,569,453 0 -32.6% -32.6% 26 Lyfjagrein 90,595,266 0.1% 90,595,266 0 0.0% 0.0% 27 Samgöngur / Flutningar 324,260,000 0.5% 264,370,000 <t< td=""><td>16</td><td>Innlhlutabréfasjóðir</td><td>515,990,700</td><td>0.8%</td><td>515,990,700</td><td>0</td><td>0.0%</td><td>0.0%</td><td></td></t<>	16	Innlhlutabréfasjóðir	515,990,700	0.8%	515,990,700	0	0.0%	0.0%	
18 Image: Constraint of the section of th	17	Innlskuldabréfasjóðir	20,420,925	0.0%	20,163,173	0	1.3%	1.3%	
19 Innlánsreikningar 1,648,097,901 2.7% 1,500,833,923 0 9.8% 9.8% 20 Innlánsreikningar verðtryggði 1,648,097,901 2.7% 1,500,833,923 0 9.8% 9.8% 9.8% 21	18								
20 Innlánsreikningar verðtryggði 1,648,097,901 2.7% 1,500,833,923 0 9.8% 9.8% 21 Imlend hlutabréf 20,590,743,418 33.4% 27,920,760,992 0 -26.3% -26.3% -26.3% 23 Fjármál og tryggingar 109,489,414 0.2% 109,489,414 0 0.0% 0.0% 24 Hlutabréfasj/fjárfestingarfél 2,215,973,046 3.6% 1,577,093,046 0 40.5% 40.5% 25 Iðnaður og framleiðsla 16,964,925,363 27.5% 25,163,569,453 0 -32.6% -32.6% 26 Lyfjagrein 90,595,266 0.1% 90,595,266 0 0.0% 0.0% 27 Samgöngur / Flutningar 324,260,000 0.5% 264,370,000 0 22.7% 22.7%	19	Innlánsreikningar	1,648,097,901	2.7%	1,500,833,923	0	9.8%	9.8%	
21 Innlend hlutabréf 20,590,743,418 33.4% 27,920,760,992 0 -26.3% -26.3% 20 23 Fjármál og tryggingar 109,489,414 0.2% 109,489,414 0 0.0% 0.0% 20 24 Hlutabréfasj/fjárfestingarfél 2,215,973,046 3.6% 1,577,093,046 0 40.5% 40.5% 25 Iðnaður og framleiðsla 16,964,925,363 27.5% 25,163,569,453 0 -32.6% -32.6% 26 Lyfjagrein 90,595,266 0.1% 90,595,266 0 0.0% 0.0% 27 Samgöngur / Flutningar 324,260,000 0.5% 264,370,000 0 22.7% 22.7%	20	Innlånsreikningar verðtrygg	ði 1,648,097,901	2.7%	1,500,833,923	0	9.8%	9.8%	
22 Innlend hlutabret 20,590,743,418 33.4% 27,920,760,992 0 -26.3% -26.3% -26.3% 23 Fjármál og tryggingar 109,489,414 0.2% 109,489,414 0 0.0% 0.0% 24 Hlutabréfasj/fjárfestingarfél 2,215,973,046 3.6% 1,577,093,046 0 40.5% 40.5% 25 Iðnaður og framleiðsla 16,964,925,363 27.5% 25,163,569,453 0 -32.6% -32.6% 26 Lyfjagrein 90,595,266 0.1% 90,595,266 0 0.0% 0.0% 27 Samgöngur / Flutningar 324,260,000 0.5% 264,370,000 0 22.7% 22.7%	21					_			
23 Fjarmai og tryggingar 109,489,414 0.2% 109,489,414 0 0.0% 0.0% 24 Hlutabréfasj/fjárfestingarfél 2,215,973,046 3.6% 1,577,093,046 0 40.5% 40.5% 25 Iðnaður og framleiðsla 16,964,925,363 27.5% 25,163,569,453 0 -32.6% -32.6% 26 Lyfjagrein 90,595,266 0.1% 90,595,266 0 0.0% 0.0% 27 Samgöngur / Flutningar 324,260,000 0.5% 264,370,000 0 22.7% 22.7%	22	Innlend hlutabref	20,590,743,418	33.4%	27,920,760,992	0	-26.3%	-26.3%	
24 Initiatorerasyrijariestingarieti 2,215,973,046 3.6% 1,577,093,046 0 40.5% 40.5% 25 Iðnaður og framleiðsla 16,964,925,363 27.5% 25,163,569,453 0 -32.6% -32.6% 26 Lyfjagrein 90,595,266 0.1% 90,595,266 0 0.0% 0.0% 27 Samgöngur / Flutningar 324,260,000 0.5% 264,370,000 0 22.7% 22.7%	23	Fjarmal og tryggingar	109,489,414	0.2%	109,489,414	0	0.0%	0.0%	
26 Lyfjagrein 90,595,266 0.1% 90,595,266 0 0.0% 0.0% 27 Samgöngur / Flutningar 324,260,000 0.5% 264,370,000 0 22.7% 22.7%	24	långåur og framlgidele		3.0%	1,577,093,040	0	40.5%	40.5%	
20 Lyrjagrein 30,55,200 0.1% 90,55,200 0 0.0% 0.0% 27 Samgöngur / Flutningar 324,260,000 0.5% 264,370,000 0 22.7% 22.7%	20	lufiagrain	10,904,925,303	27.5%	23,103,309,433	0	-32.0%	-32.0%	
27 Sangongar / natimigar 324,200,000 0.370 204,370,000 0 22.176 22.176	20	Samgöngur / Elutningar	324 260 000	0.1%	264 370 000	0	22 7%	22.7%	
39 Siéverétriegur eg fielevinnele 14 479 000 0.00/ 14 479 000 0.00/ 0.00/	27	Samgongur / Fluchingar	524,200,000	0.3%	204,370,000	0	22.7%	22.7%	

Útprentun

Í Jóakim hefur verið þróað mjög öflugt útprentunarkerfi. Hægt er að prenta út skýrslur, flettilista og skjámyndir á hvaða prentara sem hefur verið skilgreindur í Jóakim hjá viðkomandi stofnun/notanda (Jóakim prentarar) eða eru settir upp á tölvu notandans (mínir prentarar). Jóakim sér sjálfkrafa um að stilla prentarann þannig að útskriftir komist sem best fyrir. T.d. ef útskrift er um 80 stafir á breidd eru notaðir frekar stórir stafir en ef útskrift er vel yfir 200 stafir á breidd og skrifað er út á geislaprentara eru notaðir mjög litlir stafir og skrifað lárétt (landscape) til þess að koma línum fyrir.



Útprentun skýrslna

Til þess að prenta út skýrslu (eða flettilista) er smellt á prentarahnappinn () , **Ctrl+P** eða **F9** en þá kemur upp glugginn hér að ofan. Þarna stillir notandinn prentara ef það á að prentast á annan en sjálfgefinn prentara, hvort hausblaðið (forsíðan) skuli prentast með eða ekki og hversu mörg eintök skuli prenta. Aðalprentari notandans er alltaf sjálfgefinn en notandi getur ýtt á **F7** og fengið upp flettilista yfir þá prentara sem skilgreindir eru í Jóakim. Með því að samþykkja þessa mynd er útprentun hafin.

Útprentun skjámynda

Ef prenta þarf út skjámynd er ýtt á hnappinn 💿. Við það opnar stýrikerfi tölvunnar glugga þar sem notandi getur valið hvaða prentara skal prenta á, fjölda eintaka o.s.frv.

🖶 Print	>
General	
Select Printer	A Microsoft XPS Document
<	>
Status: Ready Location: Default Location Comment: ET0021B7D5A137	Print to file Preferences Find Printer
Page Range	Number of copies: 1
Selection Current Page Pages: 0-1	Collate
page range. For example, 5-12	
Pr	rint Cancel Apply

Línurit

Í Jóakim er hægt að sjá þróun gilda á ákveðinni vísitölu/ vaxtatöflu / markaðsflokki myndrænt á línuriti. Til þess að kalla fram línurit er ýtt á 🖾.

Að kalla fram línurit

Notandi vill sjá þróun gengisvísitölunar á línuriti. Byrjað er á því að fara í Almennar upplýsingar >> Markaðstöflur >> Vísitölur. Þá birtist eftirfarandi valforsendumynd:

A 1/1/2 1 1 P 1			_	~
🦻 Valtorsendur markaðsker	nnitaina - NUU1	_		X
🖌 🗶 🖇 🚱 📷 🖿	1 📀			
Markaðsflokkur:	GENGISVISIT. 💽 Gengisvísitala		Ŧ	
Markaður:	*			
Markaðskennitölugerð:	* •			
Tegund kennitölu:	Allt 👻			
Tegund flokks:	Vísitala 👻			
Dagsetningar:	* • • • •			
Dagsetn.skrán:	* 123 - * 123			
Umsjónaraðili:	* •			
Skráning:	Allt 👻			
F7=Flettilisti.			C	OVR

Notandi þarf að velja vísitöluna í svæðinu markaðsflokkur og staðfesta. Þá birtist flettilisti með öllum gildunum.

wisitolur - NOUT	-	
🗸 🗙 🤺 🔁	ט 🗙 🖣) K M M 🖓 🗸 🎒 🖄 🗐 🤜
<u>)</u> 🗿 🔁 🤶	<mark>5 + 🗗 i</mark>	▶ 🛃 📀
Dagsetning	Gerð	- Gildi ^
09.10.2018	GE	173,48120000
08.10.2018	GE	172,71230000
05.10.2018	GE	171,40200000
04.10.2018	GE	171,99010000
03.10.2018	GE	170,86960000
02.10.2018	GE	170,03770000
01.10.2018	GE	168,57510000
26.09.2018	GE	167,75150000
00.0010	CE.	171 14410000

Ný ýtir notandinn á hnappinn 🧧 og þá opnar Jóakim mynd af línuriti þar sem tekið er mið af gildunum í töflunni á síðunni á undan:



Vista línurit

Hægt er að vista línurit á tölvuna með því að ýta á vistahnappinn (🖬) neðst á línuritinu. Þannig er hægt svo að senda línuritið til annars aðila eða hafa til útprentunar. Þegar ýtt er á hnappinn opnast gluggi þar sem notandinn þarf að velja hvar afrit af línuritinu á að vistast á tölvu notandans:

Myndin vistast þá á forminu .PNG mynd sem hægt er að opna í t.d. Windows Photo Gallery

-							
外 Jóakim - Vista skrá							×
\leftarrow \rightarrow \checkmark \uparrow \blacksquare > This	s PC > geymsla (\\init.init.local) (Z:) >				マ ひ Search gey	msla (\\init.init.loc	<i>P</i>
Organize 🔻 New folder							?
A Quick access	Name	Date modified	Туре	Size			
	.TemporaryItems	4.4.2013 11:00	File folder				
Desktop 🖈	.Trash-1000	25.6.2012 09:16	File folder				
Downloads *	📙 Init	26.9.2018 14:09	File folder				
🧃 Documents 🖈	sofn	4.10.2017 10:09	File folder				
